

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn samlags um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis og staðfest af viðkomandi sveitarstjórnnum samkvæmt lögum nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 401/1998.

Gjaldskráin kemur í stað eldri gjaldskrár nr. 109/2002 og öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Hrossholti, 27. febrúar 2003.

Ólafur K. Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUR

um íslensku UNESCO-nefndina.

1. gr.

Íslenska UNESCO-nefndin er stofnuð í samræmi við VII. kafla stofnskrár Menningar-málastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization - UNESCO).

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vera ríkisstjórninni og sendinefnd Íslands á aðalráðstefnu UNESCO til ráðuneytis í málum er varða UNESCO og tengiliður milli UNESCO og íslenskra mennta-, vísinda- og annarra menningarstofnana.

3. gr.

Nefndin annast upplýsingastarfsemi um málefni UNESCO á Íslandi og hefur samvinnu við aðrar íslenskar nefndir sem starfa að málefnum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra.

4. gr.

Nefndin getur að eigin frumkvæði tekið til meðferðar hvert það verkefni sem telja má í verkahring UNESCO og brýtur ekki í bága við ákvarðanir og stefnu Íslendinga í utanríkis-málum.

Þegar nefndin fjallar um önnur mál en þau sem einungis varða UNESCO, má einnig kveðja á fund aðila sem ekki eiga sæti í nefndinni.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára að undanteknum fulltrúa um mál-efni ungs fólks sem skal skipaður til tveggja ára.

Formaður, ritari og fjórir nefndarmenn að auki skulu skipaðir án tilnefningar, en þess skal jafnan gætt að einn þeirra sé sérfróður um skólamál, annar um vísindi, þriðji um menn-ingarmál, fjórði um fjölmiðlun og upplýsingamál og fimmti um málefni ungs fólks.

Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins.

Ráðherra getur, með samþykki utanríkisráðuneytisins, breytt fjölda nefndarmanna.

6. gr.

UNESCO-nefndin má leita aðstoðar sérfræðinga í einstökum málum og einnig er henni heimilt að kjósa sérnefndir og fela þeim að annast athugun og meðferð mála, þegar henta þykir.

7. gr.

Ritari nefndarinnar er starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

8. gr.

Skipun sendinefndar Íslands á aðalráðstefnu UNESCO heyrir undir utanríkisráðuneytið.

9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 34 frá 17. janúar 1990 og óbirtar reglur frá 3. október 1997.

Menntamálaráðuneytinu, 18. febrúar 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðahverfi í Norðurbæ“ vegna Sævangs 35 í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 17. desember 2002 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðahverfi í Norðurbæ“ vegna Sævangs 35 í Hafnarfirði.

Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 24. febrúar 2003.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999.

1. gr.

5. gr. liður 5.5.3 a), orðist svo:

5.5.3 Víkingalottó:

a) Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum sbr. 2. grein. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,040 Evrur af andvirði hvers selds leiks til þessa vinnings. Verðmæti hans í íslenskum krónum ákvarðast af kaupgengi Evru á útdráttardegi og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar 6 tölurnar réttar.